

Ákvörðun nr. 4/2021  
Föstudagur, 26. febrúar 2021

## Samruni Johan Rönning ehf. og Varma og vélaverks ehf.

### I. Málsmæðferð

1. Með bréfi, dags. 16. nóvember 2020 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Johan Rönning ehf. (hér eftir Johan Rönning) á öllu hlutafé Varma og vélaverks ehf. (hér eftir Varma og vélaverk). Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a sömu laga.
2. Með bréfi dags. 30. nóvember 2020 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánar tilgreindum upplýsingum frá samrunaaðilum í því skyni að meta hvort samrunatilkynningin teldist fullnægjandi í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitinu bárust viðbótargögn frá samrunaaðilum þann 8. desember 2020.
3. Með bréfi, dags. 14. desember 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að sú samrunatilkynning sem afhent var eftirlitinu þann 16. nóvember 2020 teldist ófullnægjandi í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Í sama bréfi tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum jafnframt að við móttöku þeirra viðbótargagna sem bárust þann 8. desember 2020 taldist samrunatilkynningin fullnægjandi í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Í ljósi þess byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga að líða frá og með 9. desember 2020.
4. Með bréfi, dags. 13. janúar 2021, var samrunaaðilum tilkynnt að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.
5. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, afhentra gagna frá samrunaaðilum og fyrri rannsókna eftirlitsins á viðkomandi mörkuðum. Þá átti Samkeppniseftirlitið jafnframt í samskiptum við ýmsa aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum og óskaði eftir umsögnum fjölda hagaðila vegna samrunans.<sup>1</sup> Verður hér á eftir vísað til þeirra umsagna og upplýsinga sem bárust, eftir því sem við á.

---

<sup>1</sup> Umsagnarbeiðnir voru sendar 63 keppinautum samrunaaðila sem tilgreindir voru í samrunaskrá. Þá átti Samkeppniseftirlitið samtöl við nokkra af helstu viðskiptavinum samrunaaðila en enginn þeirra óskaði að veita umsögn um samrunann.



## II. Samruninn

6. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Johan Rönning á öllu hlutafé í Varma og vélaverki felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

### 1. Samrunaaðilar

7. Í samrunaskrá kemur fram að Johan Rönning sé félag í fullri eigu AKSO ehf. Þar segir að árið 2020 hafi verið framkvæmdur félagaréttarlegur samruni innan samstæðu AKSO ehf. Þannig hafi uppsetning samstæðunnar fyrir samrunann verið þannig að Fagkaup ehf. hafi verið eigandi að tveimur félögum þ.e. Johan Rönning og Áltaki ehf. Með samrunanum hafi þau runnið að fullu inn í Johan Rönning og þar með sé öll starfsemi félaganna komin þar inn. Í samrunaskrá kemur þó fram að frágangur samrunans standi enn yfir og hafi Skatturinn ekki afskráð yfirtekin félög. Þá er einnig vakin athygli á að fyrirhugað sé að nafni Johan Rönning verði breytt í Fagkaup ehf.
8. Samkvæmt samrunaskrá starfar Johan Rönning á iðnaðar- og byggingarmarkaði. Þar segir að starfsemi þess skiptist í nokkur rekstrarsvið sem hvert er rekið undir sérstöku vörumerki. Eftirfarandi er stutt lýsing samrunaaðila á starfsemi umræddra rekstrarsviða:

*„Johan Rönning*

*Sjö rekstrareiningar eru reknar undir þessu nafni. Þar er um að ræða sölu á sölu á rafbúnaði, allt frá háspennu til smáspennu. Meginstarfsemi eininganna felst í þjónustu og sölu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað.*

*S. Guðjónsson*

*Meginstarfsemi S. Guðjónsson skiptist í tvennt. Sala og þjónusta á raflagna- og fjarskiptaefni undir 1000V til rafverktaka og fyrirtækja. Lýsingarsvið þar sem áherslan er sala og ráðgefandi þjónusta til hönnuða, rafverktaka, fyrirtækja og að takmörkuðu leyti til almennings.*

*Sindri*

*Rekstrareiningar Sindra og Sindra vinnuföt eru fimm Sindri selur rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. vinnuföt, öryggisskóm og aðrar öryggisvörur.*

*Áltak*

*Rekstrareining Áltaks býður til sölu ýmsar vörur til húsbygginga, svo sem: utanhússklæðningar, iðnaðarhurðir, stiga og hringstiga, hillukerfi kerfislof, steypumót, hljóðlausnir, glugga og gluggakerfi.*

*Vatn og Veitur*

*Tvær rekstrareiningar sem bjóða til sölu breytt úrval vara er tengist vatns- og pípulögnum, frárensliskerfum og hitabúnaði.“*



9. Hvað varðar starfsemi Varma og vélaverk segir í samrunaskrá að það selji tækjalausnir og tækjabúnað til fyrirtækja og sveitarfélaga. Um sé að ræða ýmis konar vélabúnað, drifbúnað og búnað til að flytja vökva og annað fljótandi hráefni, þrýstiloft og varmaorku.
10. Í samrunaskránni kemur fram að viðskiptavinir félagsins starfi flestir í sjávarútvegi, iðnaði og stóriðju. Þá kaupi sveitarfélög og orkufélög ýmsan búnað af félaginu fyrir hita-, vatns- og fráveitur sínar.

## **2. Markaðir máls, hlutdeild á þeim og mat á áhrifum samrunans**

11. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og áætlaða hlutdeild. Samhliða verður lagt mat á áhrif samrunans.
12. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.
13. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
14. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

### **2.1. Sjónarmið samrunaaðila um markaði máls, hlutdeild og áhrif samrunans**

15. Líkt og að framan greinir kemur fram í samrunaskrá að Johan Rönning bjóði upp á vörur og þjónustu í hinum ýmsu vöruflokkum á meðan vöruframboð Varma og vélaverks sé mun sérhæfðara. Þar segir jafnframt að vöruframboð samrunaaðila skarist ekki nema að litlu leyti, eða einungis við sölu á rafmótorum, hraðastýringum, dælum, lokum, hitablásurum og mælitækjum. Er það mat samrunaaðila að áhrifa samrunans gæti einungis á mörkuðum fyrir sölu á vörum í framangreindum flokkum. Þá segir í samrunaskrá að sölutekjur Johan Rönning í framangreindum flokkum sé afar lítill hluti af heildarveltu félagsins.
16. Að mati samrunaaðila er mikil samkeppni í innflutningi. Þá séu ýmis vörumerki sem samrunaaðilar bjóði til sölu einnig fánleg hjá mörgum öðrum birgjum. Í ljósi þess telja samrunaaðilar að engar hömlur séu á innflutningi á vörum sem tilheyra markaði þar sem áhrifa gætir eða skyldum mörkuðum. Verður hér gerð frekari grein fyrir lýsingu samrunaaðila á framangreindum mörkuðum og áætlaðri hlutdeild félaganna á þeim.



#### *Sala á rafmótorum*

17. Í samrunaskrá kemur fram að rekstrareiningar Johan Rönning, S. Guðjónssonar og Varma og vélaverks selji allan tækjabúnað og þjónustu á þessum tiltekna markaði. Þó einblíni Johan Rönning á sölu rafmagnsmótora á meðan Varma og vélaverk selji svokallaða gírmótora (drifmótora). Þá kemur einnig fram í samrunaskrá að samrunaaðilar nýti ekki sömu birgja. Þannig séu helstu birgjar Varma og vélaverks á þessu sviði Svend Hoje og SEW-Eurodrive, á meðan Johan Rönning selur rafmótora frá framleiðandanum ABB.
18. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2015, þar sem fjallað er um kaup Nesnúps ehf. á öllu hlutfé í Varma og vélaverki. Í þeirri ákvörðun var m.a. fjallað um þá markaði sem Varma og vélaverk starfar á og var þar sérstaklega fjallað um drifmótora. Í ákvörðuninni kemur fram að í þeim vöruflokki hafi Varma og vélaverk fremur sterka stöðu en önnur fyrirtæki sem tengist samrunaaðilum hafi þar lakari stöðu. Ekki væru þó vísbendingar um markaðsráðandi stöðu samrunaaðila enda staðgönguvörur og staðgönguþjónusta víða fáanleg. Í ljósi þess var ekki talinn ástæða til að hlutast til um samrunann.
19. Samrunaaðilar telja svipaðar aðstæður ríkja á markaði fyrir drifbúnað og mótora líkt og voru fyrir hendi við fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2015. Að mati þeirra ríkir síst minni samkeppni á markaðnum nú og telja samrunaaðilar að aðgangshindranir séu í raun engar. Meðal samkeppnisaðila á markaðnum séu Fálkinn ehf., Scanver ehf, Poulsen ehf, Vélar ehf., Smith & Norland ehf. Rafver ehf, Straumrás ehf., Barki ehf, Brammer, Dynjandi ehf., Rubix ehf. og Vökvatæki ehf. Þá telja samrunaaðilar að talsvert sé um að fyrirtæki stundi beinan innflutning á rafmótorum til eigin nota.

#### *Sala á hraðastýringum*

20. Samkvæmt samrunaskrá starfa bæði félögin á vörumarkaði fyrir hraðastýringar. Þar segir að aðalbirgir Varma og vélaverks á þessum markaði sé SEW-Eurodrive en aðalbirgir Johan Rönning sé ABB. Að mati samrunaaðila er markaðurinn kvikur og sveiflukennður fari stærð hans mikið eftir stöðu framkvæmda hverju sinni. Telja samrunaaðilar hlutdeild sína á þessum markaði ekki háa og að Danfoss hf. sé með ráðandi hlutdeild á markaðinum.<sup>2</sup> Þá nefna samrunaaðilar einnig að fjölmargir smærri aðilar starfi á þessu sviði, t.d. Fálkinn hf., Smith & Norland ehf., Ískraft ehf., Samey ehf., Reykjafell ehf., Íshúsið ehf. og Hitatækni ehf.

#### *Sala á dælum*

21. Í samrunaskrá kemur fram að skipta megi markaðinum fyrir sölu á dælum í eftirfarandi þrjá hluta: fráveitur, hitaveitur og iðnað. Þar segir einnig að Varma og Vélaverk hafi lagt áherslu á sölu á dælum til veitufyrirtækja og fyrirtækja í iðnaði á meðan Johann Rönning selji dælur aðallega til veitufyrirtækja. Þá séu helstu birgjar félaganna á þessu sviði ekki þeir sömu. Að mati samrunaaðila er markaðshlutdeild beggja félöganna á þessu sviði fremur lág enda séu þau í mikilli samkeppni við íslensk félög á við Rubix ehf., Landvélar ehf., Vatnsvirkjann ehf., Byko, Húsasmiðjuna ehf., Dynjanda ehf., Vélasöluna ehf., Ísleif Jónsson ehf. og Tengi ehf. Einnig telja samrunaaðilar rétt að líta til samkeppni við erlend félög í tilfelli stærri verkefna sem boðin séu út, þegar búnaður er fluttur inn sérstaklega fyrir slík verk.

<sup>2</sup> Í þessu samhengi má einnig nefna að í umsögn Danfoss hf. til Samkeppniseftirlitsins kemur fram að félagið geri ekki athugasemd við þá liði í samrunaskránni þar sem Danfoss hf. er nefnt.



#### *Sala á lokum*

22. Hvað varðar markaðinn fyrir loka kemur fram í samrunaskrá að hann skiptist í fjölmarga flokka, t.d. loka fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu, gufu og loft. Að mati samrunaaðila má einnig skipta þeim flokkum niður í enn frekari undirflokka. Samkvæmt samrunaskrá hefur Varma og vélaverk sérhæft sig í sölu á gufulokum og stjórnlokum á meðan Johan Rönning leggi megináherslu á pípulagnir og veitumarkað með sölu á ofnlokum, stjórnlokum, hitaveitulokum og kaldavatnslokum. Þá kemur einnig fram í samrunaskrá að helstu birgjar félaganna á þessu sviði séu ekki þeir sömu.
23. Samkvæmt samrunaskrá eru veitufyrirtæki stærsti kaupandinn á þessu sviði og séu viðskipti þeirra oft á grundvelli útboða. Þá telja samrunaaðilar helstu samkeppnisaðila sína á þessum markaði vera Vörukaup ehf., Vatnsvirkjann ehf., Byko ehf., Tengi ehf., Húsasmiðjan ehf., Metal ehf., Fálkann hf., Ísleifu Jónsson ehf., Bauhaus slhf. og Marás ehf. auk ýmissa erlendra aðila sem taki þátt í útboðum hérlandis. Þá telja samrunaaðilar að erlend netsala veiti einnig samkeppnislegt aðhald á þessu sviði.

#### *Sala á hitablásurum*

24. Samkvæmt samrunaskrá starfa báðir samrunaaðilar starfa á markaði fyrir sölu á hitablásurum. Þar segir að Varma og vélaverk selji hitablásara fyrir loftræstisamstæður og vatnshitablásara og að Johan Rönning selji rafmagnshitablásara og vatnshitablásara.
25. Samkvæmt samrunaskrá eru helstu birgjar félaganna á þessu sviði ekki þeir sömu. Þá telja samrunaaðilar helstu samkeppnisaðila sína á þessum markaði vera Byko hf., Húsasmiðjuna ehf., Bauhaus slhf., Þór hf., Fálkann hf., Rafha ehf., Hitatækni ehf., Múrbúðina ehf., Rafhitun ehf., Íshúsið ehf., Iðnvélar ehf., Reykjafell ehf., Ískraft ehf., Smith & Norland hf. og fleiri.

#### *Sala á mælitækjum*

26. Að lokum kveðast samrunaaðilar starfa báðir á markaði fyrir sölu á mælitækjum til stóriðju- og veitufyrirtækja. Þá selji Varma og vélaverk mælitæki til fyrirtækja matvælaíðnaði. Að mati samrunaaðila er markaðurinn mjög sérhæfður og krefjist mikillar þekkingar við sölu og þjónustu. Báðir samrunaaðilar kaupa mælitæki af birginum Endress & Hauser, en Varma og vélaverk kaupir einnig af Rosemount.
27. Samkvæmt samrunaskrá eru stærstu viðskiptavinirnir á þessum markaði fyrirtæki í sjávarútvegi. Þá telja samrunaaðilar að erlend fyrirtæki veiti mikið samkeppnislegt aðhald á þessum markaði þar sem sjávarútvegsfyrirtæki séu mikið þjónustuð af erlendum aðilum. Samkvæmt samrunaskrá eru helstu íslensku samkeppnisaðilarnir á markaðnum Smith & Norland ehf., Danfoss hf., Samey ehf., Fálkinn hf., Rubix ehf. Ískraft ehf. og K. Þorsteinsson ehf.

#### *Landfræðileg skilgreining markaða*

28. Hvað varðar landfræðilega skilgreiningu á framangreindum mörkuðum kemur fram í samrunaskrá að öll félögin starfi einungis á Íslandi og selji vörur og þjónustu um land allt. Að mati samrunaaðila er landfræðilegi markaður málsins því Ísland. Þrátt fyrir það telja samrunaaðilar vert að hafa í huga að mikil samkeppni sé erlendis frá, meðal annars vegna útboðsskyldu verkefna opinberra aðila. Þá sé ljóst að eigin innkaup aðila beint erlendis frá og eigin innflutningur sé töluverður



### Mat samrunaaðila á hlutdeild

29. Hvað varðar mat samrunaaðila á hlutdeild á framangreindum mörkuðum kemur fram í samrunaskrá að nokkuð erfitt sé að áætla stærð þeirra. Þannig sé flokkun á vörum í innflutningi þess eðlis að erfitt sé að sækja upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum. Samrunaaðilar hafi þó leitast við að meta stærð hvers markaðar út frá tilfinningu og með því að horfa til veltu helstu samkeppnisaðila. Í töflu Tafla 1 hér að neðan má sjá áætlaða hlutdeild samrunaaðila sem fram kemur í samrunaskrá.

Tafla 1: Mat samrunaaðila á ætlaðri markaðshlutdeild þeirra

Markaður	Varma og Vélaverk	Johan Rönning
Sala á rafmótorum (drifbúnaði)	[0-5]%	[5-10]%
Sala á hraðastýringum	[0-5]%	[0-5]%
Sala á dælum	[0-5]%	[0-5]%
Sala á lokum	[5-15]%	[5-10]%
Sala á hitablásurum	[0-5]%	[10-15]%
Sala á mælitækjum	[10-15]%	[5-10]%

30. Af framangreindu má sjá að samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild þeirra sé á bilinu 5-20% á umræddum mörkuðum.

## 2.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

31. Í kafla þessum verður fjallað um mat Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum málsins, áætlaða hlutdeild og mat á samkeppnislegum áhrifum. Þá verður einnig fjallað um tiltekin sjónarmið umsagnaraðila sem Samkeppniseftirlitinu bærust við meðferð málsins, eftir því sem við á.
32. Að virtum fyrirbyggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á mörkuðum málsins. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að rekstur félaganna skarist í sex tilteknum undirflokkum, en báðir starfa við sölu og innflutning á markaði fyrir rafmótora, hraðstýringar, dælur, lokar, hitablásara og mælitæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því um láréttan samruna að ræða.
33. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.
34. Ljóst er af því sem fram kemur í samrunaskrá að Johan Rönning starfar á ýmsum undirmörkuðum hins alhliða byggingavörumarkaðar á meðan vörur og þjónusta Varma og vélaverks er fremur sérhæfðari. Hvað starfsemi Johan Rönning varðar ber þar helst að nefna innflutning og dreifingu á raflagnaefni, rafvörum og skyldum vörum (hér eftir rafvörur). Þá starfar Johan Rönning jafnframt við innflutning og dreifingu á pípulagnavörum og skyldum vörum. Fjallað var um framangreinda markaði og stöðu félagsins á þeim í fyrrgreindum ákvörðun



Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017 og 16/2017. Í þeim kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að sterkar vísbendingar væru um að Johan Rönning væri í öflugri stöðu á markaði fyrir innflutning og dreifingu á rafvörum.

35. Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið umsagna frá 63 keppinautum samrunaaðila. Í kjölfarið bárust eftirlitinu einungis tvær umsagnir sem innihéldu efnisleg sjónarmið um vænt áhrif samrunans. Í fyrri umsögninni kom fram það mat umsagnaraðila að töluverð samkeppni væri á mörkuðum fyrir hitablásara og hraðastýringar og að sameiginleg hlutdeild samrunaaðila væri ekki líkleg til að hafa áhrif á samkeppni á markaðnum. Í seinni umsögninni kom fram að viðkomandi umsagnaraðili væri sammála umfjöllun í samrunaskrá um stöðumat á mörkuðum, þ.e. að erfitt væri að meta heildarstærð hvers og eins markaðar. Þá taldi félagið samrunaaðila báða vera sterka á sínu sviði og að rétt væri að benda á að stærri einingar vinni mörg tilboð með því að geta boðið hagstæðasta heildarpakkann. Þá kom einnig fram í umsögninni að frá þeirra sjónarhóli verði áhrif samrunans ekki teljandi. Þó líkur væru á að Johan Rönning muni styrkja stöðu Varma og vélaverks í krafti tengsla við breiðari hóp viðskiptamanna muni það ekki fela í sér kúvendingu á markaði.
36. Að mati eftirlitsins gáfu framangreind sjónarmið, sem og fjöldi mögulegra keppnauta, ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um stöðu samrunaaðila á mörkuðum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans telur eftirlitið rétt að hafa til hliðsjónar að nokkur fjöldi fyrirtækja veitir samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald á umræddum mörkuðum og ekki eru vísbendingar um að hlutdeild þeirra á umræddum sviðum sé svo há að hún sé líkleg til að leiða til markaðsráðandi stöðu eða umtalsverðrar röskunar á samkeppni.

### **3. Samandregin niðurstaða**

37. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli er sú að miðað við upplýsingar í samrunaskrá og önnur fyrirliggjandi gögn og umsagnir séu ekki fyrir hendi vísbendingar um að samruninn leiði til myndunar eða styrkingar markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á neinum markaði. Jafnframt verður ekki séð að samkeppni á mörkuðum raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

## **III. Ákvörðunarorð**

**„Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samruna Johan Rönning ehf. og Varma og Vélaverks ehf.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson